

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi
Erindi nr. P 131/50
komudagur 12.11.2004

RH/jhb

Reykjavík, 10. nóvember 2004


B. 1225/04

Með bréfi allsherjarnefndar, dagsettu 25. f.m., barst ríkissaksóknara til umsagnar frv. til laga um fórnarlamba- og vitnavernd, 13. mál.

Umsögn ríkissaksóknara einskorðast við álitafni um vernd þolenda mansals við lögreglurannsókn máls og saksókn. Mansal er refsivert skv. 227. gr. a. almennra hegningarlaga. Réttarfarslög og hegningarlög geyma ýmis ákvæði um vitnavernd, sbr. einkum 6. mgr. i.f. og 8. mgr. 59. gr. oml. og 108. gr. alm. hgl. Brotþólar sem hér um ræðir myndu njóta réttarverndar skv. þessum ákvæðum.

Í greinargerð með frv. er vitnað til frv. sænsku ríkisstjórnarinnar um sama efni. Árið 2003 lagði sænska ríkisstjórnin fram á þingi frv. með heitinu “Människosmugling och tidsbegränsat uppehållstillstånd för målsägande och vittnen m.m.” (Prop. 2003/04:35). Með lögum nr. 2004:206 voru gerðar breytingar á sænsku útlendingalögnum, Utlänningslag 1989:529, sem m.a. fela í sér að stjórnandi rannsóknar getur hlutast til um að útlendingi verði veitt tímabundið dvalarleyfi ef nauðsynlegt þykir vegna lögreglurannsóknar eða dómsmeðferðar máls.

Af hálfu ríkissaksóknara þykir rétt að reglum um dvalarleyfi sé skipað í útlendingalög. Um tilhögun lagabreytinga sem frv. lýtur að þykir rétt að horft verði til lagasetningar í Svíþjóð um þetta efni.


saksóknari

Allsherjarnefnd